

Nd.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 hljóði þannig:

Í húsnæðismálastjórn skulu vera sjö menn, valdir af ráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Jafnmargir varamenn skulu valdir og einn þeirra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Ráðherra tilnefnir þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Að öðru leyti skiptir húsnæðismálastjórn með sér störfum.

2. gr.

Ráðherra velur nú þegar tvo menn, sem eiga skulu sæti í húsnæðismálastjórn, ásamt fimm mönnum, sem nú eiga þar sæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherrá hefur tjáð mér, að störf húsnæðismálastjórnar hafi reynzt miklu umfangsmeiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Auk þess hafi húsnæðismálastjórn nýlega verið falið umfangsmikið verkefni, þ. e. að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 62 21. ágúst 1956, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Það ber því brýna nauðsyn til þess að breyta nú þegar lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingar heilsuspillandi íbúða, á þann veg, að tilnefna skuli þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að annast allar framkvæmdir á vegum hennar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, en jafnframt verði fjölgað um tvo menn í húsnæðismálastjórn.

Með skirskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 hljóði þannig:

Í húsnæðismálastjórn skulu vera sjö menn, valdir af ráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Jafnmargir varamenn skulu valdir og einn þeirra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Ráðherra tilnefnir þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Að öðru leyti skiptir húsnæðismálastjórn með sér störfum.

2. gr.

Ráðherra velur nú þegar tvo menn, sem eiga skulu sæti í húsnæðismálastjórn, ásamt fimm mönnum, sem nú eiga þar sæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.